



Göngustígur.

Ísafjarðarbær sótti um framkvæmdaleyfi fyrir göngustíg í Hnífsdal, f.h. hverfisráðs. Sótt var um heimild til þess að gera stíg frá enda Bakkavegar yfir Hnífsdalsá, yfir Skarmpart, (land í eigu Ísafjarðarbæjar), meðfram Ausu og enda við Árvelli.

Hverfisráð Hnífsdals lagði 4 miljónir í verkið, hafist var handa við verkið í október sl., Staðan á framkvæmdinni er sú að neðra burðarlag og frágangur er búinn á stíg sem liggur frá endanum á Bakkavegi að ánni og vantar finefnin ofaná hann og slétta það.

Frá ánni og að Árvöllum er neðra burðarlag svona meira og minna komið og stígurinn að mestu kominn en en vantar 100-150m³ af 0-100 efni, jafnframt svipað magn af 0-8 efni. Kostnaður við að ljúka stígagerð er áætlaður 1200.000 kr. þ.e. efni, vinna +vsk.

Óskað fer etir heimild bæjarráðs til þess að nýta 1.200.000 kr., af áætluðu fé ófyrirséðra framkvæmda. Í áætlun 2019 er gert ráð 45.490.000 kr. í ófyrirséðar framkvæmdir sú upphæð myndi lækka niður í 44.290.000kr. Framkvæmd vegna göngustígs hverfisráðs HN hækkar þannig úr 4.000.000,- í kr. 5.200.000,-

